



GJALDSKRÁ fyrir móttöku úrgangs í Kjósarhreppi.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi nr. 30/2007, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi sem skilað er til endurvinnslu skal greiða 6.600 kr/ m³, úrgangur til urðunar ber hærra gjald, 8.640 kr/m³. Um flokka úrgangs til endurvinnslu og gjaldskyldu fer samkvæmt eftir-farandi töflu:

	Einstaklingar	Fyrirtæki
Heiti.	kr. / 0,25 m ³	kr. / 0,25 m ³
Nytjahlutir, s.s. föt, skór, reiðhjól	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Pappír og pappi.		
Bylgjupappi	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Pappír og pappi	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Plast.		
Plastumbúðir og annað plast	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Önnur endurvinnsluefni.		
Hjólbarðar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Málmar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Garðaúrgangur.		
Garðaúrgangur	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Gras	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Jarðvegur og uppgröftur	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Trjágreinar	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Gler og steinefni.		
Bílrúður	1.650 kr.	1.650 kr.
Gifs og gifsplötur	1.650 kr.	1.650 kr.
Steinefni frá framkvæmdum	1.650 kr.	1.650 kr.
Timbur.		
Húsgögn o.þ.h.	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Húsgögn úr timbri	Gjaldfrjálst	1.650 kr.
Málað timbur frá framkvæmdum	1.650 kr.	1.650 kr.
Ómálað timbur frá framkvæmdum	1.650 kr.	1.650 kr.
Vörubretti, kassar o.þ.h.	1.650 kr.	1.650 kr.
Almennur heimilísúrg. og grófur úrgangur.		
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Gjaldfrjálst	2.160 kr.
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	2.160 kr.	2.160 kr.
Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	2.160 kr.	2.160 kr.
Kælitæki	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst

Lítill raftæki	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Ljósaperur	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Rafgeymar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Rafhlöður	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Skjáir	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Spilliefni	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Stór raftæki	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Tölvur, prentarar og símar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst

Móttökuskilmálar:

- Úrgangur skal vera flokkaður við skil á endurvinnslustöð í samræmi við móttökuskilyrði.
- Rúmmálsminnkun úrgangsins þýðir lægri kostnað vegna gjaldskylds úrgangs, betri nýtingu gáma, minni akstur og minni umhverfisáhrif.
- Æskilegt er að farmar séu ekki stærri en 2 m^3 til að tryggja flæði innan úrgangsstöðvanna.
- Gjaldskrá endurvinnslustöðva skilgreinir fyrir losun hvaða úrgangsflokka er innheimt gjald.
- Gjald miðast við stærð farms og er greitt eftir rúmmáli.
- Grunneining er $0,25 \text{ m}^3$ og miðast lágmarksgjald fyrir gjaldskyldan úrgang við þá einingu.
- Gjaldið hleypur á $0,25 \text{ m}^3$ ($0,25 \text{ m}^3$, $0,5 \text{ m}^3$, $0,75 \text{ m}^3$, 1 m^3 o.s.frv.).
- Gjaldfrjáls úrgangur verður gjaldskyldur, ef magn er umfram 2 m^3 .

Dæmi: $3 \text{ m}^3 = 2 \text{ m}^3 \times 0 \text{ kr.} + 1 \text{ m}^3 \times 6.600 \text{ kr.} = 6.600 \text{ kr.}$

Ef úrgangur er gjaldskyldur þá reiknast hver rúmmálseining umfram 2 m^3 tvöfalt.

Dæmi: $3 \text{ m}^3 = 2 \text{ m}^3 \times 6.600 \text{ kr.} + 1 \text{ m}^3 \times 13.200 \text{ kr.} = 26.400 \text{ kr.}$

Athugið að úrgangur til urðunar ber hærra gjald, 8.640 kr/m^3 . **Með þessari tilhögun gjaldtöku er reynt að fá gjaldendur til að flokka úrgang.**

Afgreiðsluferli:

- Starfsmaður tekur á móti viðskiptavini í hliði við komu á endurvinnslustöð. Viðskiptavinur gerir grein fyrir úrgangstegundum sem komið er með á stöðina.
- Greitt er fyrir gjaldskyldan úrgang eftir rúmmáli, sé um slíkan úrgang að ræða.
- Úrgangur er losaður í viðeigandi gáma samkvæmt leiðbeiningum starfsmanns.

Samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps, 7. október. 2020.

Karl Magnús Kristjánsson oddviti.